

Mál nr. 114/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Meðábyrgð tjónbóla. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M dags. 19. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 19. ágúst 2019 hafi M slasast við vinnu sína er hann féll 4 metra niður af röraverkpalli sem hann var að klifra niður úr. M starfaði hjá X við glerísetningar og var við verkið notaður röraverkpallur á fjórum hæðum. Verkinu var lokið og hugðist M flytja verkfæri niður og festi hann hluta af verkfærunum í vesti sitt en hélt á hamri og járnri er hann lagði af stað niður eftir annarri hlið verkpallsins. Missti hann takið og féll niður á fyrstu hæð pallsins. V samþykkti bótaskyldu að hluta en taldi M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að fara niður grind vinnupallsins með verkfæri í höndum og af þeim sökum ætti hann að bera helming að tjóni sínu sjálfu sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga. V samþykkti bótaskyldu að hluta á þeim grundvelli að leiðbeiningar hafi skort varðandi viðhlítandi verklag við flutning á verkfærum upp og niður verkpallinn. V taldi að M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi en hann hafi mátt, í ljósi reynslu sinnar og almenns verklags, vita að láta ætti verkfærin síga niður eða rétta þau milli hæða. Það teljist til almennrar vitneskju að hættusamt er að hafa ekki báðar hendur til reiðu þegar farið er niður vinnupalla, stillansa eða bratta stiga.

M telur tjón sitt vegna vinnuslyssins vera að fullu greiðsluskylt úr ábyrgðartryggingu X. Í fyrsta lagi hafi M verið að vinna eftir því verklagi sem viðgekkst á vinnustaðnum en í upphafi verksins hafi verið klifrað með verkfærin upp eftir grindinni. Í öðru lagi byggir M á því að slysið megi rekja til ófullnægjandi frágangs og aðbúnaðar röraverkpallsins og í þriðja lagi byggir M á því að slyss hans megi rekja til þess að ekki var gert áhættumat innan fyrirtækisins.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem M varð fyrir í vinnuslysinu þann 19. ágúst 2019. Ágreiningur þessa máls lítur eingöngu að því hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi á þann hátt að hann verði talinn hafa verið meðvaldur að líkamstjóninu og eigi þannig að bera helming tjónsins sjálfur. Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. M sýndi af sér gáleysi með því að tryggja ekki fullt handgrip er hann klifraði niður grind röraverkpallsins en að teknu tilliti til aðstæðna allra verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi vikið verulega frá hefðbundnu verklagi á þann hann að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Er því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta. Hann á því óskoraðan rétt til bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2022

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir